

3. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar 2015 haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins laugardaginn 11. apríl 2015 og hófst kl.10:00.

Mættir eru: Rafn Jónsson formaður, Halldór Stefánsson, Jónas Jóhannsson, Oddný S. Kristjánsdóttir, Jón Rúnar Jónsson hafnarvörður og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki. Að því loknu var gengið til dagskrár.

1. Hafnaráætlun

Formaður fór yfir málið. Hafnarnefnd mælir með því að áfram verði unnið í samræmi við umrædda áætlun. Samþykkt samhljóða.

2. Skemmdir á þili

Hafnarstjóri fór yfir stöðu máls. Allur undirbúningur að viðgerð hefur verið á höndum Vegagerðarinnar. Ein plata í stálþili „Nýjubryggju“ er skemmd eftir ásiglingu. Útbakið hefur lagst inn og rifa myndast. Rifan er um 2 m á lengd og um 20 mm þar sem hún er víðust. Ekkert hefur skolast út af fyllingarefnum.

Óskað var eftir tilboðum í viðgerð og lauk skilafresti þann 24. mars. Við opnun tilboða var Köfunarþjónustan með lágsta tilboðið og var hafnarstjóra tilkynnt með tölvupósti þann 24. mars að hafnar væru viðræður við lágstbjóðanda. Vegna gruns um að holrými sé undir þekju ákvað hafnarnefnd að það mál verði kannað.

3. Eftirlits og vefmyndavélar

Hafnarstjóri fór yfir málavexti. Núverandi myndavél hefur verið biluð frá því í haust. Lagt er til að hafnarstjóri og hafnarvörður komi með útfærðari hugmynd og leggi fyrir nefndina. Hafnarstjóra einnig falið að ræða málið í sveitarstjórn og leita heimildar fyrir framkvæmdinni.

4. Girðingamál

Hafnarstjóri fór yfir málið. Tilboð hafa verið fengin í efni og gróf áætlun um kostnað liggur fyrir. Hafnarvörður fór yfir hugmynd að framkvæmd og að útfærsla samræmist regluverki um hafnir. Hafnarnefnd leggur til að verkið verði framkvæmt í samræmi við umræður og framlögð gögn. Nefndin felur hafnarstjóra að afla heimildar fyrir framkvæmdinni hjá sveitarstjórn.

5. Innsiglingarljós á Bakkafirði

Hafnarstjóri fór yfir málið. Unnið hefur verið í því í samráði við Vegagerðina. Samkvæmt samskiptum við Vegagerðina þá voru ljósín og undirstöður pantaðar í febrúar. Framkvæmdir vegna uppsetningar verða snemmsumars.

6. Önnur mál

- a) Fyrirstaða í höfninni – Álseý tók lítillega niðri á grynningu á móts við endann á hafskipakanti. Búið er að kafa einu sinni en það var of lítið skyggni til að sjá. Reynt verður við fyrsta tækifæri að kafa aftur.
- b) Reglur um útköll – hafnarstjóri og hafnarvörður tjáðu fundarmönnum að til stæði að skýra reglur um opnunartíma, útköll og mál því tengd. Verður kynnt hagaðilum þegar mótaðar hugmyndir liggja fyrir.
- c) Veðurstöð – hún er komin í gagnið en eftir er að ganga frá nettengingu.
- d) Þarasöfnun í kverk við suðurgarð – hafnarstjóra falið að koma málinu á framfæri við umhverfis- og skipulagsnefnd.
- e) Vörður (innsiglingamerki) við Fossá – nefndin ætlast til þess að vörðurnar verði lagaðar og málaðar í sumar, sama á við um vörður í Heiðarhöfn.
- f) Beitningahöllin – Umræður um eignarhald á húsi og möguleika svæðisins.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:20